



|                   |                                 |   |
|-------------------|---------------------------------|---|
| Nr.: GAT-115      | <b>Menntaskólinn í Kópavogi</b> |  |
| Útgáfa: 01        |                                 |   |
| Dags.: 13.02.2019 |                                 |   |
| Höfundur: GV      |                                 |   |
| Samþykkt: MF      |                                 |   |
| Síða 1 af 2       | <b>Áfangalýsing SPÆN2BD05</b>   |   |

|                             |   |
|-----------------------------|---|
| <b>Búið til – útg.</b>      | 04. febrúar 2024 – 1. útg   |
| <b>Námsgrein</b>            | Spænska   |
| <b>Titill</b>               | Spænska í ferðapjónustu   |
| <b>Skammstöfun</b>          | SPÆN2BD05   |
| <b>Viðfangsefni</b>         | Evrópski tungumálaramminn, grunnur, stig B  |
| <b>Staða áfanga</b>         | Samþykkt af skóla   |
| <b>Prep áfanga</b>          | 2   |
| <b>Einingafjöldi áfanga</b> | 5   |
| <b>Lýsing áfanga</b>        | <p>Nemendur læra spænskan orðaforða tengdan ferðapjónustu, þ.e.a.s. orðaforða sem notaður er í kringum flug, hótél, fararstjórn, ferðaskrifstofur og ráðstefnur en einnig veitingastaði og bari.</p> <p>Nemendur fá innsýn í spænska ferðapjónustugeirann, en þar er ferðapjónustan mikilvægur hlekkur í atvinnulífinu.</p> <p>Nemendur kynnast áhugaverðum ferðamannastöðum á Spáni og læra um mismunandi tegundir af ferðamennsku (turismo rural, turismo cultural, turismo gastronómico, turismo de naturaleza, turismo de negocios, ...). Þeir fá einnig frekari innsýn í menningu Spánverja og venjur því mikilvægt er að hafa skilning á þjóð, venjum og kurteisisstöðlum þegar unnið er með spænskumælandi fólki / tekið er á móti spænskumælandi ferðamönnum.</p> <p>Áfanginn er hugsaður fyrir nemendur sem hafa áhuga á að vinna við ferðapjónustu hér á landi en getur einnig verið upplagður stökkpallur fyrir þá sem ætla að halda til Spánar á vit ævintýrana eftir menntaskóla og hafa mögulega áhuga á að vinna þar í ferðapjónustu. Eins hentar áfanginn þeim sem vilja bæta framburð, skilning og tal á tungumálinu og fá dýpri þekkingu á menningu og venjum þessa lands.</p> <p>Í áfanganum er lögð minni áhersla á en meiri áhersla á framburð, tal, ritun, hlustun og skilning. Áfanganum er skipt niður í nokkrar lotur og stuðst verður við símat yfir önnina. Nemendur vinna því ýmiss konar verkefni þar sem áhersla er lögð á skilning og tal á tungumálinu, aukinn orðaforða,</p> |

|                   |                                 |   |
|-------------------|---------------------------------|---|
| Nr.: GAT-115      | <b>Menntaskólinn í Kópavogi</b> |  |
| Útgáfa: 01        |                                 |   |
| Dags.: 13.02.2019 |                                 |   |
| Höfundur: GV      |                                 |   |
| Sampykkt: MF      |                                 |   |
| Síða 2 af 2       | <b>Áfangalýsing SPÆN2BD05</b>   |   |

|                         |   |
|-------------------------|---|
|                         | skilning á atvinnulífi í ferðapjónustu og dýpri skilning á menningu Spánar.   |
| <b>Forkröfur áfanga</b> | SPÆN1AC05   |
| <b>Þekkingarviðmið</b>  | <p><b>Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á...</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• orðaforða sem nauðsynlegur er til að mæta markmiðum áfangans.</li> <li>• talaðri spænsku (samræður og fyrirspurnir við ímyndaðar aðstæður í ferðamennsku).</li> <li>• lærdum orðaforða til að tjá sig á tungumálinu í samræðum eða þegar gefa þarf fyrirmæli.</li> <li>• menningu, samskiptavenjum og siðum Spánar.</li> <li>• helstu ferðamannastöðum Spánar og ólíkar tegundir ferðamennsku.</li> </ul>   |
| <b>Leikniviðmið</b>     | <p><b>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að...</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• greina talað mál um efni tengdu ferðapjónustu og geta fylgt fyrirmælum og greint aðalatriði frá aukaatriðum.</li> <li>• lesa og greina margs konar gerðir texta og vinna úr þeim á mismunandi hátt eftir því hver tilgangur með lestrinum er hverju sinni.</li> <li>• afla sér hagnýtra upplýsinga og taka þátt í samræðum og tjá sig um ólík umræðuefni sem tengjast ferðapjónustu.</li> <li>• geta óundirbúið tekið þátt í samræðum um efnið.</li> <li>• skrifa samfelldan texta um ýmis konar efni, draga ályktanir og tjá eigin skoðanir.</li> </ul>                           |
| <b>Hæfniviðmið</b>      | <p><b>Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• geta tekið að sér störf í ferðapjónustu þar sem spænskukunnátta er krafist.</li> <li>• geta nýtt þekkingu og orðaforða til að takast á við flestar aðstæður sem geta komið upp á ferðalagi um spænskumælandi svæði.</li> <li>• leggja grunn að samræðum þannig að hann rökstyðji, spyrji og svari spurningum um kunnug málefni sem tengjast ferðapjónustu.</li> <li>• skipuleggja frásögn og rökstyðja orðaval í mismunandi tegundum texta og geta dregið ályktanir.</li> <li>• skrifa texta um málefni ferðapjónustu.</li> </ul> |
| <b>Námsmat</b>          | Símat. Ekkert lokapróf.   |